



Fornleifavernd
ríkisins



Ársskýrsla 2010

Efnisyfirlit

Ávarp forstöðumanns	3
Skipulag og umhverfismat	5
Fornleifarannsóknir	7
Úttekt á neðarsjávarminjum	11
CARARE	13
Fjármál	15
Önnur starfssemi	17
Starfsstöðvar og starfsfólk	27



Þjóðminjavarðafundur í Stykkishólmi

Ávarp forstöðumanns

Starfsemi Fornleifaverndar ríkisins var öflug og spennandi árið 2010. Stofnunin skipulagði þjóðminjavarðafund Norðurlanda, sem haldinn var á Ísafirði og Stykkishólmi í júnílok. Þar var m.a. haldið málþing um „*Databaser och kunnskaps-system*“ (Gagnagrunnar og miðlun um minjar).

Í lok mars var haldin ráðstefna í tengslum við ársfund EAC (*European archaeological council*) í Reykjavík. Forstöðumaður undirbjó ráðstefnuna ásamt Dave Cowey starfsmanni *the Royal Commission on the Ancient and Historical Monuments of Scotland* og formanni *Aerial Archaeology Research group* hjá EAC. Ráðstefnan sem fjallaði um fjarkannanir og minjavörslu á 21. öld var einstaklega vel sótt bæði af innlendum og erlendum sérfræðingum, og vel af henni látið.

Ríkisstjórnin ákvað að veita verulegu fjármagni í atvinnuáttak fyrir háskólanema og atvinnuleitendur árið 2010 og hélt vinnuálagstofnun utan um verkefnið. Fornleifavernd ríkisins var gefinn kostur á að taka þátt í verkefninu og bauð fram sex tveggja mánaða störf. Verkefnin voru m.a. úttekt á friðlýstum hellum, staðarvarsla í Þingeyrakirkju, færsla upplýsinga um friðlýsta kirkjugripi inn í Sarp, skráning upplýsinga um fornleifar inn í kortavefsjá og skráning upplýsinga um fornleifarannsóknir inn í gagnagrunn í tengslum við Evrópuverkefnið Carare, sem Fornleifavernd ríkisins tekur þátt í.

Þá fékkst styrkur úr Nýsköpunarsjóði til að þróa gagnagrunn í tengslum við Carare verkefnið og var nemi í tölvunarfræðum ráðinn til þess starfs.

Á árinu var póstskipið Phönix friðlýst, en það fyrst út af Snæfellsnesi árið 1881. Meðal þess

sem fór niður með skipinu var legsteinn yfir Jón Sigurðsson og Ingibjörgu Einarsdóttur konu hans.

Fornleifavernd ríkisins tók þátt í fjölda samvinnuverkefna, jafnt innlendra sem erlendra og starfsfólk stofnunarinnar hélt fjölda fyrirlestra, skrifaði margar greinar og lét í sér heyra í fjölmiðlum þar sem fjallað var um minjamál.

Meðal innlendu samstarfsverkefnanna var endurgerð Bláskeggsárbrúar í Hvalfirði í samvinnu við Vegagerðina og Hvalfjarðarsveit. Viðgerðin var vel heppnuð og gert var greinargott upplýsingaskilti sem sett var upp í nálægt brúnni. Brúin var vígð 22. apríl að viðstöddum Kristjáni Möller samgönguráðherra, vegamálastjóra, sveitastjórnarmönnum, stýrihóp verkefnisins og forstöðumanni Fornleifaverndar auk fjölda góðra gesta.



Kristín Huld Sigurðardóttir





Við Þorvaldsaura

Skipulag og umhverfismat

Samkvæmt Þjóðminjalögum 2001/107 skal skrá fornleifar vegna svæðisskipulags, aðalskipulags, deiliskipulags eða endurskoðunar þess. Þetta er gert til að tryggja að tekið sé tillit til fornleifa við skipulagsgerð og við framkvæmdir. Menningarminjar eru einnig einn þeirra þátta sem teknir eru til skoðunar í umhverfismati. Fornleifavernd ríkisins er umsagnaraðili um menningarminjar í umhverfismati.

Árið 2009 voru umsagnir um aðalskipulög 20 talsins eða nokkru færri en árin á undan. Nú, 2010, voru þær 26 talsins.

Tafla 1

Umsagnir um aðalskipulag eða endurskoðun aðalskipulags 2010	
Vesturland	3
Vestfirðir	2
Norðurland vestra	4
Norðurland eystra	6
Austurland	1
Suðurland	3
Reykjanes	7
Reykjavík	

Árið 2009 voru umsagnir um deiliskipulög 113 talsins sem var nokkuð færri en árin á undan líkt og umsagnir um aðalskipulög. Nú, árið 2010, voru umsagnirnar aftur á móti 172 talsins.

Tafla 2

Umsagnir um deiliskipulag og byggingarreiti 2010	
Vesturland	15
Vestfirðir	10
Norðurland vestra	30
Norðurland eystra	25
Austurland	5
Suðurland	76
Reykjanes	10
Reykjavík	1

Umsagnir um umhverfismatsskyldu voru svipaðar að fjölda og síðustu ár en umsögnum um tillögu að matsáætlun fækkaði umtalsvert eða úr 17 í 2.

Tafla 3

Umsagnir um umhverfismat 2010	
Vesturland	2
Vestfirðir	4
Norðurland vestra	1
Norðurland eystra	6
Austurland	1
Suðurland	2
Reykjanes	
Reykjavík	

Tafla 4

Umsagnir um umhverfismatsskyldu 2010	
Vesturland	2
Vestfirðir	6
Norðurland vestra	2
Norðurland eystra	4
Austurland	1
Suðurland	6
Reykjanes	1

Tafla 5

Umsagnir um tillögu að matsáætlun 2010	
Vesturland	
Vestfirðir	
Norðurland vestra	
Norðurland eystra	
Austurland	1
Suðurland	1
Reykjanes	
Reykjavík	



Uppgröftur við Þjótanda

Fornleifarannsóknir

Árið 2007 veitti Fornleifavernd ríkisins 52 leyfi til fornleifarannsóknna, árið 2008 voru 46 leyfi veitt, og árið 2009 voru 50 leyfi veitt. Árið 2010 voru 36 leyfi veitt til rannsókna og virðist samdráttur vegna kreppunnar nú vera að koma í ljós.

Nes á Seltjarnarnesi.

Könnunarskurðir vegna urtagarðs við Lækningaminjasafn. Ábyrgðaraðili Margrét Hallmundsdóttir, Náttúrustofu Vestfjarða. Leyfi veitt 21. apríl 2010.

Reykholtssel í Borgarfirði.

Framhaldsrannsókn á seljum Reykholtis í Kjarardal. Ábyrgðaraðili Guðrún Sveinbjarnardóttir, Institute of Archaeology, University College London. Leyfi veitt 23. apríl 2010.

Skriðuklaustur í Fljótsdal.

Framhaldsrannsókn á munkaklaustri. Ábyrgðaraðili Steinunn Kristjánsdóttir, Skriðuklaustursrannsóknir og Þjóðminjasafn Íslands. Leyfi veitt 28. apríl 2010.

Rústir í Landi Lækjar og Hjallaness í Holta- og Landssveit.

Rannsókn vegna framkvæmda við Holtavirkjun. Ábyrgðaraðili Bjarni F. Einarsson, Fornleifafræðistofan ehf. Leyfi veitt 5. Maí 2010.

Þjótandi í Villingaholtshreppi.

Framhaldsrannsókn vegna framkvæmda við Urriðafossvirkjun. Ábyrgðaraðili Bjarni F. Einarsson, Fornleifafræðistofan ehf. Leyfi veitt 5. Maí 2010.

Nes á Seltjarnarnesi.

Nemendarannsókn í fornleifafræði við HÍ. Ábyrgðaraðili Gavin Lucas, Háskóli Íslands. Leyfi veitt 7. Maí 2010 .

Hólmur í Nesjum, A-Skaftafellssýslu.

Framhaldsrannsókn á bæjarstæði. Ábyrgðaraðili Bjarni F. Einarsson, Fornleifafræðistofan ehf. Leyfi veitt 19. maí 2010.

Urriðakot á Urriðaholti í Garðabæ.

Rannsókn vegna framkvæmda. Ábyrgðaraðili Ragnheiður Traustadóttir. Leyfi veitt 19. maí 2010.

Svalbarð við Þistilfjörð í Norður-Pingeyjarsýslu.

Rannsókn á sambandi höfuðbýlis og smærri eininga (hjáleigur, sel, afbýli) innan jarðar. Ábyrgðaraðili Guðrún Alda Gísladóttir, Fornleifastofnun Íslands ses. Leyfi veitt 4. júní 2010.



Kvísker í Örafum, Austur Skaftafellssýslu.

Rannsókn á rústum frá fyrstu tíð. Ábyrgðaraðili Bjarni F. Einarsson, Fornleifafræðistofan ehf. Leyfi veitt 7. júní 2010.

Ingiríðarstaðir í Þegjandadal, Suður-Pingeyjarsýslu.

Framhaldsrannsókn á kumlategi og öskuhaug. Ábyrgðaraðili Howell M. Roberts, Fornleifastofnun Íslands ses. Leyfi veitt 7. júní 2010.

Litlu Núpar í landi Laxamýrar, Suður Þingeyjarsýslu.

Rannsókn á leifum kumlategis og öskuhaugs. Ábyrgðaraðili Howell M. Roberts, Fornleifastofnun Íslands ses. Leyfi veitt 7. júní 2010.

Rannsókn á fornbylum í Skagafirði, vegna ritunar Byggðasögu Skagafjarðar. Ábyrgðaraðili Guðný Zoëga, Byggðasafni Skagafjarðar. Leyfi veitt 8. júní 2010.

Borkjarnar í Skagafirði 2010.

Borkjarnasýni tekin á ýmsum stöðum skv. lista sendum FRV. Ábyrgðaraðili Guðný Zoëga, Byggðasafni Skagafjarðar. Leyfi veitt 8. júní 2010.

Skútustaðir í Mývatnssveit.

Framhaldsrannsókn á öskuhaug. Ábyrgðaraðili Þóra Pétursdóttir, Fornleifastofnun Íslands ses. Leyfi veitt 8. júní 2010.

Hofstaðir í Mývatnssveit.

Framhaldsrannsókn á kirkjugarði. Ábyrgðaraðili Hildur Gestsdóttir, Fornleifastofnun Íslands ses. Leyfi veitt 8. júní 2010.

Kirkjuverkefnið.

Rannsókn á kirkjugörðum frá fyrstu tíð kristni í Skagafirði. Ábyrgðaraðili Guðný Zoëga, Byggðasafni Skagafjarðar. Leyfi veitt 8. júní 2010.

Strákatangi í Hveravík, Kaldrananeshreppi.

Rannsókn á hvalveiðiminjum. Ábyrgðaraðili Ragnar Edvardsson, Náttúrustofu Vestfjarða og Strandagaldri. Leyfi veitt 14. júní 2010.

Kot á Rangárvöllum.

Framhaldsrannsókn á mögulegu býli. Ábyrgðaraðili Margrét Hallmundsdóttir, Náttúrustofu Vestfjarða. Leyfi veitt 21. júní 2010.

Kumlabrekka í landi Geirastaða í Mývatnssveit.

Rannsókn á mögulegu kumli/kumlum. Ábyrgðaraðili Hildur Gestsdóttir,

Fornleifastofnun Íslands ses. Leyfi veitt 21. júní 2010.

Landnám og menningarlandslag.

Könnunarskurðir á bæjarstæðum og seljum í landi Svartárkots, Máskots og Víða í Þingeyjarsveit og Helluvaðs, Gautlanda, Geirastaða, Arnarvatns og Grænavatns í Skútustaðahreppi í Suður Þingeyjarsýslu. Ábyrgðaraðili Orri Vésteinsson, Fornleifastofnun Íslands ses. Leyfi veitt 21. júní 2010.

Þórutóft í landi Narfastaða í Seljadal, Suður-Þingeyjarsýslu.

Ábyrgðaraðili Lilja Björk Pálsdóttir, Fornleifastofnun Íslands ses. Leyfi veitt 21. júní 2010.

Hólarannsóknin. Kolkuós í Skagafirði.

Framhaldsrannsókn á höfn og verslunarsað. Ábyrgðaraðili Ragnheiður Traustadóttir, Hólaskóla. Leyfi veitt 15. Júlí 2010.

Garðalög í Dalvíkurbyggð.

Könnunarskurðir í 8 garðlög í 7 landareignum. Ábyrgðaraðili Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Fornleifastofnun Íslands ses. Leyfi veitt 19. júlí 2010.



Hálshús í landi Þúfna við Ísafjarðardjúp.

Hreinsun sniðs í rofabarði við öskuhaug. Ábyrgðaraðili Guðrún Alda Gísladóttir, Fornleifastofnun Íslands ses. Leyfi veitt 19. júlí 2010.

Vatnsfjörður við Ísafjarðardjúp.

Framhaldsrannsókn. Ábyrgðaraðili Guðrún Alda Gísladóttir, Fornleifastofnun Íslands ses. Leyfi veitt 19. júlí 2010.

Hringsdalur við Arnarfjörð.

Framhaldsrannsókn á kumlateig. Ábyrgðaraðili Adolf Friðriksson, Fornleifastofnun Íslands ses. Leyfi veitt 19. júlí 2010.

Leiðólfsvellir í Skaftárhreppi.

Fornar rústir á Síðuheiðum, framhaldsrannsókn. Ábyrgðaraðili Bjarni F. Einarsson, Fornleifafræðistofan ehf. Leyfi veitt 5. ágúst 2010.

**Laugarfell í Fljótsdalshreppi.**

Rannsókn á heitri laug. Ábyrgðaraðili Steinunn Kristjánsdóttir, Háskóli Íslands og Þjóðminjasafn Íslands. Leyfi veitt 5. ágúst 2010.

Þverá í Laxárdal.

Sýnatoka úr gólfi torfbæjar og fjárhúss. Skordýrarannsókn - doktorsverkefni. Ábyrgðaraðili Karen Milek, University of Aberdeen. Leyfi veitt 25. ágúst 2010.

Steinkross á Rangárvöllum.

Könnunarskurður. Ábyrgðaraðili Margrét Hallmundsdóttir, Náttúrustofu Vestfjarða. Leyfi veitt 27. ágúst 2010.

Arnarbæli í Fljótsdalshéraði.

Prufuskurður og kortlagning. Ábyrgðaraðili Þóra Pétursdóttir, Fornleifastofnun Íslands ehf. Leyfi veitt 3. september 2010.

Rúst nr 65:1-3 í landi Úlfhljótsvatns í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Könnunarrannsókn. Ábyrgðaraðili Bjarni F. Einarsson, Fornleifafræðistofan ehf. Leyfi veitt 16. september 2010.

Efri-Vík, Landbroti, Skaftárhreppi.


Könnunarskurður í fornar rústir. Ábyrgðaraðili Unnur Magnúsdóttir. Leyfi veitt 17. september 2010.

Skógar í Fnjóskadal

Rannsókn vegna framkvæmda við Vaðlaheiðagöng. Ábyrgðaraðili Guðný Zoëga, Byggðasafni Skagfirðinga. Leyfi veitt 12. október 2010.

Rannsókn í landi Leiðarhafnar í Vopnafirði.

Rannsókn vegna vegagerðar. Ábyrgðaraðili Guðný Zoëga, Byggðasafni Skagfirðinga. Leyfi veitt 22. október 2010.



Skipflak

Úttekt á neðansjávarminjum

Árið 2009-2010 gerði minjavörður Vestfjarða, Ragnar Edvardsson, úttekt á neðansjávarminjum á völdum stöðum við Vestfirði.

Lítið er vitað um staðsetningu eða ástand skipsflaka við Íslandsstrendur og engin tilraun hefur verið gerð til að gera fornleifafræðilega úttekt á þeim. Fyrir því liggja fyrst og fremst tvær ástæður. Í fyrsta lagi skortur á fjármagni en slíkar rannsóknir geta verið nokkuð dýrar. Í öðru lagi hefur það verið almennt talið að minjastaðir neðansjávar, sérstaklega skipsflök, varðveitist illa við Íslandsstrendur vegna óhagstæðra skilyrða. Þessi skoðun virðist þó ekki byggja á vísindalegri rannsókn.

Það er fyrirséð að sjávarbotninn við strendur landsins mun verða fyrir vaxandi raski á komandi árum vegna ýmissa framkvæmda og rannsókna. Á síðustu árum hefur fiskeldi á Vestfjörðum aukist og mun líklega aukast enn frekar á næstu árum. Engar rannsóknir hafa verið gerðar á áhrifum slíkrar starfsemi á nálæga minjastaði neðansjávar. Einnig hafa rannsóknir á kalkþörungum aukist til muna en mikilvægt er að minjavarðslan hafi upplýsingar um minjastaði neðansjávar áður en að slíkum rannsóknum kemur til að fyrirbyggja rask á minjum. Almennt séð er nauðsynlegt að Fornleifavernd ríkisins fái hugmynd um staðsetningu minjastaða neðansjávar, ástand þeirra og fjölda rétt eins og með aðra minjastaði á landi.

Ekki var talið gerlegt að taka allt strandsvæði Vestfjarða með í þessa rannsókn og því voru nokkrir staðir valdir sérstaklega. Könnunin fór fram í Álftafirði við Ísafjarðardjúp, Önundafirði, Hveravík (Reykjarfjörð) og Paradís við Steingrímsfjörð. Aðferðafræði rannsóknarinnar var skipt í tvo meginþætti, heimildakönnun og vettvangsrannsókn. Við heimildakönnun var leitað ritaðra heimilda sem gætu gefið til kynna staðsetningu minjastaða neðansjávar og staða í landi sem tengdust miklum skipaferðum, t.d. hvalveiðistöðvar, verstöðvar og verslunarstaðir. Við vettvangskönnun var aðallega kafað á þá staði sem líklegir þóttu til árangurs og valið svæði kannað skipulega neðansjávar. Í Hveravík og Paradís var notaður side-scan sónar og síðan kafað á nokkrum völdum stöðum.

Við rannsóknina fundust minjar neðansjávar á öllum sýnatökusvæðunum fyrir utan Paradís á

Ströndum. Vert er að benda á að sónar-könnunin í Paradís gaf þó til kynna tvo hugsanlega minjastaði sem þarf að athuga frekar. Sex skipsflök voru staðsett og kafað var niður á tvö þeirra. Þau tvö flök sem könnuð voru eru bæði í sama firðinum með aðeins tveggja kílómetrar millibili. Það er áhuga-verðast að skipin hafa varðveist mismunandi vel og er því ljóst að þeir umhverfispættir sem mest hafa áhrif á varðveislu eru mismundandi eftir svæðum og stór munur getur verið á milli flaka þó svo aðeins sé 2 kílómetrar á milli þeirra. Nauðsynlegt er að gera rannsóknir á þeim umhverfispáttum, t.d. straumum, seltu sjávar o.s.frv. til að öðlast skilning á því hvaða umhverfisaðstæður ráða mestu í eyðingu eða varðveislu minja á hafsbótunum.

Rannsóknin sem hér var unnin var frumrannsókn á neðansjávarminjum við Vestfirði og er einungis upphaf af frekari úttekt á minjastöðum á hafsbótunum. Niðurstöður rannsóknarinnar benda eindregið til að talsvert sé af minjum á hafsbótunum á fjölmörgum stöðum við Vestfirði og þá sérstaklega þeim stöðum þar sem sjávar tengd starfsemi var í landi. Markmið annars áfanga rannsóknarinnar er að kanna minjar við helstu verslunarstaði á Vestfjörðum, t.d. Borðeyri, Tálknafjörð, Dýrafjörð, Kúvíkur, ofl., og markmið þriðja áfanga verður að kanna minjar við helstu verstöðvar á Vestfjörðum. Í lok þessarar rannsóknar verður hægt að gera sér góða grein fyrir umfangi neðansjávarminja á nokkrum mikilvægum stöðum við Vestfirði.





Minjavarsla Norðurlanda á Stykkishólmi

CARARE

Fornleifavernd ríkisins og Húsafríðun ríkisins taka saman þátt í evrópuverkefninu CARARE.

Fornleifavernd ríkisins og Húsafríðun ríkisins taka sameiginlega þátt í evrópuverkefninu CARARE.

CARARE er netverk sem er ætlað að ýta undir ástundun bestu starfsvenju (best practice) og samhæfingu þátttakenda og er styrkt af framkvæmdastjórn Evrópu-sambandsins (sjá [ICT PSP](#)).

CARARE leiðir saman mismunandi stofnanir og fyrirtæki með mismunandi hlutverk víðs vegar úr Evrópu til að koma á fót þjónustu sem mun gera stafrænt efni um fornleifar og sögustaði samhæft við vefgáttina [Europeana](#).

Verkefnið hófst 1. febrúar 2010 og mun standa yfir í þrjú ár. Meginmarkmið þess er að virkja og styðja við net minjavörslustofnana, fornleifafræðilegra safna, rannsóknarstofnana og sérhæfðra stafrænna gagnasafna við að:

- gera stafræn gögn sem þau hafa í sínum fótum um fornleifar og byggingararfinn aðgengileg í gegnum vefgáttina Europeana,
- samhæfa gögn og koma á fót gagnþjónustu,
- gera það kleift að miðla áfram þrívíddargögnum og sýndarveruleika í gegnum Europeana.

CARARE er eitt þeirra verkefna sem styrkt er af framkvæmdastjórn Evrópu-sambandsins til að ýta undir frekari þróun Europeana. Það mun gegna því mikilvæga hlutverki að fá net stofnana í Evrópu sem eru ábyrgar fyrir rannsókn, vernd og miðlun upplýsinga á minjastöðum, byggingararfinum, sögulegum bæjarkjörnum og iðnaðarminjum til að taka þátt í verkefninu. Stofnanir þessar vinna á mismunandi grundvelli, sumar á landsvísu, aðrar á mun minna svæði. Þátttaka þessara mismunandi stofnana

mun ekki einungis leggja til fjölbreytt efni um minja- og byggingararfinn heldur einnig auka á fjölbreytni gagnasniða því CARARE stefnir að því að að gera tvívíddar- og þrívíddargögn um minjastaði samhæft og aðgengileg í gegnum Europeana. Í dag standa að CARARE verkefninu 29 aðilar frá 20 löndum en stjórn verkefnisins er í höndum [Kulturarvsstyrelsen](#) og [MDR Partners](#).

Að verkefninu vinna, fyrir Íslands hönd, Sólborg Una Pálsdóttir, Sigurður Bergsteinsson og Guðlaug Vilbogadóttir. Framlag Íslendinga verður annars vegar gagnasafn um fornleifarannsóknir á Íslandi og hins vegar gagnasafn um friðuð hús á Íslandi. Viðbótarstyrkir hafa fengist til að gefa námsmönnum tækifæri á að taka þátt í verkefninu og hefur það gefist afar vel fyrir báða aðila. Árið 2010 unnu að verkefninu, auk vinnuhóps, Unnur Magnúsdóttir fornleifafræðingur og mastersnemi í hagnýtri menningarmiðlun og Karl Emil Karlsson nemi í tölvunarfræði.





Nýtt skilti við brúna yfir Bláskeggsá

Fjármál

Eins og undanfarin ár var fjárhagsrammi Fornleifaverndar ríkisins mjög þröngur árið 2010. Vegna fæðingarorlofs minjavarðar Austurlands, hagræðingar og aðhalds, og fjármagns sem Fornleifavernd ríkisins aflaði vegna Evrópuverkefna sem stofnunin tekur þátt í, reyndist vera tekjuafgangur í árslok.

Rekstrarreikningur árið 2010

Tekjur

Sértekjur	27.930.566
	<u>27.930.566</u>

Gjöld

Laun og launatengd gjöld	79.161.956
Funda- og ferðakostnaður	7.326.591
Rekstrarvörur	2.879.974
Þjónusta	11.504.185
Húsnæðiskostnaður	5.336.247
Bifreiðar og vélar	10.920.512
Vextir, bætur, skattar og tilfærslur	18.148.882

Eignakaup	615.227
	<u>135.893.574</u>

Tekjuafgangur (tekjuhalli) fyrir ríkisframlag (107.963.008)

Ríkisframlag	<u>113.700.000</u>
--------------	--------------------

Tekjuafgangur (tekjuhalli) ársins 5.736.992



Vík í Skagafirði

Önnur starfssemi

Rannsóknir

Í byrjun júlí skoðuðu starfsmenn Fornleifaverndarinnar fornminjar sem komu í ljós við jarðvegsskipti framan við kirkjuna á Bæ í Bæjarsveit. Grafið hafði verið um 2 m niður á móbergshellu þegar minjarnar komu í ljós.



Inga Sóley Kristjónudóttir og Davíð Bragi Konráðsson könnuðu, sumarið 2010, minjar er komu í ljós þegar gamalt steyppt íbúðarhús á hlaðinu á Þingmúla var rifið en Guðmundur Ármannsson, bóndi á Vaði, og Sigurbjörn Árnason, bóndi á Þingmúla, létu vita um fundinn. Snið og botn grunnsins voru hreinsuð og teiknuð upp. Líklegt er að um gamla bæjarstæði Þingmúla sé að ræða.

Kristinn Magnússon gerði könnunarskurði við Dalamót í Mosfellsbæ, 30. júlí 2010.

Magnús A. Sigurðsson og Albína Hulda Pálsdóttir rannsökuðu í ágúst 2010 gamalt hellulagt gólf sem hafði komið óvænt í ljós við endurbætur á gamla íbúðarhúsinu á Sauðafelli í Dölum.

Magnús A. Sigurðsson og Kristinn Magnússon gerðu könnunarskurði í Stafholti í Borgarfirði 15.-16 september 2010.

Sigurður Bergsteinsson gerði könnunarskurði vegna fyrirhugaðs orlofshúss við Hólskot í Reykjadal.

Uggi Ævarsson tók könnunarskurði í útihúsatóftir hjá Hólshjáleigu við Stokkseyri í Ölfusinu. Gengið var úr skugga um að ekki leyndist eldra byggingarstig undir hleðslum sjáanlegum á yfirborði. Það kom í ljós að undir rústinni var ekki eldri bygging og á þeim grundvelli var tekin sú ákvörðun að heimila niðurrif rústarinnar.

Uggi Ævarsson gróf frá hleðslu í Fljótshlíð. Grjóthleðsla, sennilega lokræsi, kom í ljós sl. vor út úr rofahól við Staðarbakka í Fljótshlíð á þeim slóðum sem landnámsbýlið Lambey mun hafa staðið. Hleðslan var í hættu sökum uppblásturs og því var ákveðið að grafa frá hleðslunni sem virðist ekki tengjast öðru mannvirki. Hafist var handa snemmveturs en rannsókn er ekki lokið sökum frosts en þegar fer að hlýna verður gjóskulagafræðingur fenginn á staðinn til að aldursgreina hleðsluna út frá afstöðu gjóskulaga.

Þór Hjaltalín og Sólborg Una Pálsdóttir ásamt þremur starfsmönnum Bygðasafns Skagfirðinga gerðu rannsókn, í september - október, á minjum eru komu í ljós við byggingu fjóss að



bænum Vík í Skagafirði. Um er að ræða bæjarstæði frá síðmiðöldum.

Ragnar Edvardsson fór á vettvang og mat skemmdir á minjum við Brúará á Ströndum og hinum forna þingstað á Þingeyri.

Ragnar Edvardsson gerði könnun á miðaldakirkjugarði á Auðshaug í Vesturbyggð.



Viðgerðir og viðhald

Á vormánuðum hafði Gunnar Bollason ásamt Magnúsi A. Sigurðssyni umsjón með hreinsun og viðgerðum á níu gömlum Húsafellslegsteinum í Reykholti í Borgarfirði.

Þór Hjaltalín hefur tekið þátt í verkefni með landeigendum á Reykjum á Reykjaströnd um viðgerð/endurgerð á gamla hjallinum á Reykjum.

Útgáfa

Agnes Stefánsdóttir: *NET-HERITAGE. European Network on Research Programme Applied to the Protection of Tangible Cultural Heritage. Deliverable 1.3. Recommendations on Common approaches.* 2010.

Gunnar Bollason: „Legsteinasmíðar Sverris Runólfssonar“, *Bautasteinn, tímarit Kirkjugarðasambands Íslands* 2010 (1. tbl., 15. árg.).

Gunnar Bollason: „Myndir af bræðrum – leiðrétting“, *Árbók hins íslenska fornleifafélags* 2010 (Rv., 2011).

Magnús A. Sigurðsson 2010. *Sauðafell, Dalabyggð. Vettvangsathugun í ágúst 2010.* Fornleifavernd ríkisins. Óútgefið.

Magnús A. Sigurðsson 2010. *Stafholt, Borgarbyggð. Vettvangsathugun í ágúst 2008 og september 2010.* Fornleifavernd ríkisins. Óútgefið.

Ragnar Edvardsson: *Fornleifakönnun á neðarsjávarminjum á völdum stöðum á Vestfjörðum.* Fornleifavernd ríkisins, 2010.

Fyrirlestrar og kennsla

Agnes Stefánsdóttir: Fornleifar og framkvæmdir. Fyrirlestur haldinn fyrir nemendur á Jarðlagnatækninámskeiði hjá Mímir - símenntun, janúar 2010.

Agnes Stefánsdóttir: Menningararfurinn til atvinnuuppbyggingar. Reykjanes og Reykjanesviti. Fyrirlestur haldinn í fyrirlestraröð Íslenska vitafélagsins á Sjóminjasafninu í Reykjavík, febrúar 2010.



Agnes Stefánsdóttir: Deliverable 1.3. Benchmarking and recommendations on common approaches. Kynning á niðurstöðum skýrslu á fundi Net-Heritage í London, september 2010.

Inga Sóley Kristjónudóttir: Friðlýstar

fornleifar á Héraði. Fyrirlestur haldinn á málstofu Vísindagarðsins á Egilsstöðum 20. apríl 2010.

Inga Sóley Kristjónudóttir: Tiltak for utslippsreduksjóner og tilpasningar til klímaendringar í andre sektorer som kan fá konsekvenser for kulturminneforvaltningen i landet. Fyrirlestur haldinn fyrir þátttakendur á fundi Norðurlandaverkefnisins “Effekter av klímaendringar på kulturminner og kulturmiljø”, í Kaupmannahöfn 27. maí 2010.

Inga Sóley Kristjónudóttir: Friðlýstar fornleifar á Héraði. Fyrirlestur haldinn á Hótel Héraði á Egilsstöðum ágúst 2010.

Kristín Huld Sigurðardóttir: Fornleifarannsóknir á Íslandi. Erindi haldið á ráðstefnunni Fornleifarannsóknir síðustu ára og ný sýn á sögu Íslands. Félag um 18. aldar fræði. Reykjavík 6. nóv. 2010.

Kristín Huld Sigurðardóttir: Söguþjóðin og víkingaímyndin. Erindi flutt á málþingi um víkingaímyndina sem haldin var á vegum Minjasafns Reykjavíkur, 24. september 2010.

Kristín Huld Sigurðardóttir: Námskeið í forvörslu við fornleifafræði í HÍ, kennt veturinn 2009-2010.

Magnús A. Sigurðsson: Á fortíðin sér einhverja framtíð? Minjar og umgengni við þær, hvað ber að varast! Fyrirlestur haldin fyrir þátttakendur í námskeiði í menningarmiðlun sem haldið var í Reykholti 17. október 2010.

Magnús A. Sigurðsson: Neðansjávarminjar og strandminjar. Fyrirlestur haldinn í Stykkishólmi í tilefni Menningarminjadags Evrópu, 5. september 2010.

Sólborg Una Pálsdóttir: Skráning fornleifa. Fyrirlestur haldinn fyrir nemendur í námskeiðinu Landslagsfræði—landslagsgreining, við Umhverfiseildina á Hvanneyri, janúar 2010.

Sólborg Una Pálsdóttir: The Digital Culture Heritage – Iceland. Fyrirlestur

haldinn fyrir þátttakendur á þjóðminjavarðafundi Norðurlanda í Stykkishólmi, 27. júní 2010.



Uggi Ævarsson: Fornleifar og ferðaþjónusta. Fyrirlestur haldinn á aðalfundi Ferðamálafélags Skaftárhrepps þann 30. apríl 2010.

Þór Hjaltalín: „Íslendingasögur og minjaheildir í Húnaþingi“. Erindi á málþingi Náttúrustofu Norðurlands vestra ásamt úrdrætti, þann 10. apríl.

Þór Hjaltalín: „Björgunarrannsóknir og þjónusturannsóknir. Hugleiðing um stjórnsýsluna“. Erindi haldið á ráðstefnu um björgunar- og framkvæmdatengdar fornleifarannsóknir. Félag íslenskra fornleifafræðinga. Reykjavík 8. maí 2010.

Þór Hjaltalín: Erindi um íslenska byggingararfleið, Vettvangsskólinn á Hólum, Hólum í Hjaltadal 21. júlí 2010.

Þór Hjaltalín: „Chiefs and Landscape. The Ideology and Manifestation of Land Dominance in 13th Century Iceland – The case of *Ásbirningaríki*“. Past and Present in the Middle Ages. Háskólinn í Bergen, Noregi 13. ágúst 2010.

Þór Hjaltalín: “Byggingar og búsetuminjar frá landnámi til 18. aldar í ljósi fornleifarannsóknna síðustu ára”. Fornleifarannsóknir síðustu ára og ný sýn á sögu Íslands. Félag um 18. aldar fræði.

Reykjavík 6. nóv. 2010.

Þór Hjaltalín: “Með kurt og pí. Riddaramennska á Sturlungaöld”. Félagið á Sturlungaslóð. Víðimýrarkirkju 23. nóvember 2010.

Almannatengsl, kynning, leiðsögn

Agnes Stefánsdóttir var í viðtali í þættinum Víðsjá á RÚV 3. febrúar 2010.

Agnes Stefánsdóttir var í viðtali hjá Steinunni Harðardóttur á RÚV 19. febrúar 2010.

Kristín Huld Sigurðardóttir var í viðtali við fréttastofu RÚV um kærur á hendur hóteleiganda á Hofi í Örfæfum, 11. maí 2010.

Kristín Huld Sigurðardóttir var í viðtali um málþing um víkinga og víkingaímyndina í Víðsjá, RUV, 23. september 2010.

Kristín Huld Sigurðardóttir kom tvisvar fram í útvarpsþættinum “Út um græna grundu” í RÚV en umræðuefnið var fornleifar, fornleifaskráning, friðlýstar fornleifar og starf Fornleifaverndar ríkisins.

Kristinn Magnússon: Leiðsögn um Selatanga á Reykjanesi á Menningarminjadegi Evrópu 5. sept. 2010.

Uggi Ævarsson: Leiðsögn um Stöng í Þjórsárdal á „Opnum degi“ í Gnúpverjahreppi þann 5. júní.



Uggi Ævarsson: Leiðsögn um Reynisfjöru í Mýrdal með áherslu á útræði og sr. Jón Steingrímsson. Evrópski menningarminjadagurinn 5. september.

Þór Hjaltalín: Gamli kaupstaðurinn í Grafarósi. Leiðsögn í tilefni af menningarminjadegi Evrópu. Grafarós í Skagafirði, 5. september 2010.

Þór Hjaltalín og Sólborg Una Pálsdóttir voru með kynningarbás fyrir Fornleifavernd ríkisins á atvinnulífssýningunni Skagafjörður – Lífsins gæði og gleði, Sauðárkróki 24. og 25. apríl 2010.

Þór Hjaltalín, ritaði grein í dálkinum „Vísindi og fræði“ sem birtist í Feyki, 24. maí 2010.



Þór Hjaltalín: “Verkefni minjavarðar á Norðurlandi vestra”. Erindi á spjallfundi með Félagi Framsóknarmanna í Skagafirði 7. maí. 2010.

„Mikið og metnaðarfullt starf“, viðtal við Þór Hjaltalín og Sólborgu Unu Pálsdóttur í Feyki, 28. tbl., 2010.

Félagsstarf

Erlent

Kristín Huld Sigurðardóttir situr í stjórn EAC (European Archaeological Council) Evrópskra stofnana sem stýra stjórnslu fornleifamála í sínum heimalöndum.

Innlent

Agnes Stefánsdóttir sat í stjórn Félags Íslenskra fornleifafræðinga.

Agnes Stefánsdóttir var varamaður í stjórn Íslenska vitafélagsins.

Kristín Huld Sigurðardóttir situr í stjórn Hins íslenska fornleifafélags.

Þór Hjaltalín er varamaður í stjórn Hins íslenska fornleifafélags.

Þór Hjaltalín er ritari í stjórn íslensku ICOMOS nefndarinnar.

Þór Hjaltalín er í stjórn Landnáms Ingimundar gamla sem vinnur að verkefninu Á slóð Vatnsdælasögu.

Þór Hjaltalín er í stjórn verkefnisins "Vatnsdæla á refli" í samvinnu við Textílsetur Íslands, Listaháskóla Íslands o.fl. aðila.

Þór Hjaltalín er fulltrúi í siðanefnd Félags íslenskra fornleifafræðinga.

Samstarfsverkefni

Innlend verkefni:

Inga Sóley Kristjónudóttir tók þátt í samstarfi við Minjasafn Austurlands og Steinunni Kristjánsdóttur, fornleifafræðing, um frágang og merkingu Þórarinsstaða á Seyðisfirði.

Kristinn Magnússon tók þátt í verkefni um endurreisn brúar yfir Bláskeggsá í Hvalfirði. Brúin er á skrá yfir friðlýstar fornleifar. Verkefnið var unnið í samvinnu Fornleifaverndar ríkisins, Hvalfjarðar-sveitar og Vegagerðarinnar. Lokið var við endurgerð brúarinnar og frágang vegar að henni. Upplýsingaskilti var sett upp á staðnum. Brúin var formlega opnuð að nýju 22. apríl 2010.

Sigurður Bergsteinsson tekur þátt í samstarfsverkefni á vegum Fornleifa-verndar ríkisins, Landgræðslu ríkisins og Biskupastofu um merkingu og aðgengi að Biskupavörðum á Möðrudalsöræfum.

Þór Hjaltalín hefur undanfarin ár unnið að verkefninu **Á söguslóð Vatnsdælasögu** í samvinnu við ferðaþjónustuaðila í Húnaþingi. Eitt meginmarkmið verkefnisins er að bæta aðgengi og veita upplýsingar um merka minjastaði í héraðinu. Sett var upp eitt upplýsingaskilti og annað er í vinnslu og gefin út hljóðleiðsögn fyrir Vatnsdal og Þing.

Þór Hjaltalín vinnur að verkefninu **Sturlungaslóð** með ferðaþjónustuaðilum o.fl. stofnunum í Skagafirði. Eitt meginmarkmið verkefnisins er að bæta aðgengi og veita upplýsingar um merka minjastaði í héraðinu. Á árinu var sett upp eitt upplýsingaskilti og annað er í vinnslu, unnið að sögukorti og veittar leiðsagnir um söguslóðir.

Þór Hjaltalín tekur þátt í verkefninu **Vatnsdæla á refli** í samstarfi við Textílsetur Íslands, Listaháskóla Íslands og Jóhönnu Pálmadóttur.

Uggi Ævarsson er í samstarfi við sveitarfélagið Skeiða- og Gnúpverjahrepp um uppbyggingu í Þjórsárdal.

Erlent samstarf

Agnes Stefánsdóttir er þátttakandi í Evrópuverkefninu Heritage Net (ERANET).

Agnes Stefánsdóttir er fulltrúi Íslands í European Heritage Network (HEREIN).



Agnes Stefánsdóttir situr í samnorrænum vinnuhópi; Natur- og kulturvörðun som regional og lokal utveklings- og tillvæxtfaktor, sem styrktur er af Norrænu ráðherranefndinni.

Agnes Stefánsdóttir er fulltrúi fyrir Íslands hönd í undirbúningsnefnd vegna árlegra funda Þjóðminjavarða Norðurlanda. Árið 2010 fór fundurinn fram á Íslandi.

Agnes Stefánsdóttir og Sólveig Georgsdóttir tóku þátt í vinnu við undirbúning raðtilnefningar víkingaminja á heimsminjaskrá UNESCO.

Gunnar Bollason hefur séð um framkvæmd (national coordinator) evrópska menningarminjadagsins hér á landi. Þema ársins var sjávar- og strandminjar.

Inga Sóley Kristjónudóttir tekur þátt í norrænum samstarfshópi um loftslagsbreytingar og áhrif þeirra á fornleifar. Samstarfsverkefnið er styrkt af Norrænu ráðherranefndinni.

Kristín Huld Sigurðardóttir sækir árlega fundi Þjóðminjavarða Norðurlanda ásamt Agnesi Stefánsdóttur, sem er í undirbúningsnefnd fundanna. Árið 2010 buðu Íslendingar til fundar á Ísafirði og Stykkishólmi í júní.

Sólborg Una Pálsdóttir og Sigurður Bergsteinsson taka þátt í Evrópuverkefninu CARARE fyrir hönd Fornleifaverndar ríkisins.

Kristín Huld Sigurðardóttir sótti fund forstöðumanna evrópskra stjórnsýslustofnana minjaverndar, EHHF, (European Heritage Heads Forum) í París í maí.

Þór Hjaltalín tekur þátt í *Vinlandsverkefninu* í samstarfi við dr. Jónas Kristjánsson, Kristján Jónasson, Kevin McAleese og Bjarna F. Einarsson um rannsóknir á byggðum norrænna manna á Nýfundnalandi.

Stjórnar-, nefndarsetur og vinnuhópar

Gunnar Bollason situr í starfshópi um þróun og varðveislu Hólavallagarðs.

Kristinn Magnússon sat í vinnuhópi á vegum mennta- og menningarmálaráðherra. Hópurinn skilaði tillögu að stefnumörkun um fornleifarannsóknir og miðlun fornleifa í miðbæ Reykjavíkur.

Kristinn Magnússon tók sæti í undirbúningsnefnd norrænnar ráðstefnu um Landslagssáttmála Evrópu sem haldin verður á árinu 2011.

Kristín Huld Sigurðardóttir er einn fulltrúa menntamálaráðuneytis í Heimsminjanefnd Íslands.

Kristín Huld Sigurðardóttir er fulltrúi Fornleifaverndar ríkisins í stjórn Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls.

Kristín Huld Sigurðardóttir er fulltrúi Fornleifaverndar ríkisins í Kirkjugarðaráði og Gunnar Bollason varamaður.

Kristín Huld Sigurðardóttir situr ásamt Agnesi Stefánsdóttur og Ragnheiði H. Þórarinsdóttur sérfræðingi hjá menntamálaráðuneytinu í stjórn Íslandsdeildar evrópska verkefnisins Heritage Net.

Kristín Huld Sigurðardóttir er fulltrúi menntamálaráðuneytisins í verkefnastjórn Rammaáætlunar um vernd og nýtingu náttúrusvæða með áherslu á vatnsafl og jarðhitasvæði.



Magnús A. Sigurðsson, minjavörður Vesturlands, situr fyrir hönd Fornleifaverndar ríkisins í Breiðafjarðarnefnd. Agnes Stefánsdóttir er varamaður.

Magnús A. Sigurðsson sat í undirbúningsnefnd fyrir Farskóla íslenskra safnamann ásamt því að vera einn af skipuleggjendum skólans. Farskólinn var haldinn í Stykkishólmi, 29 september til 1. október 2010 en þema skólans var að þessu sinni „Erlend áhrif“.

Sólborg Una Pálsdóttir situr í faghópi um náttúru og menningarminjar vegna Rammaáætlunar um vernd og nýtingu náttúrusvæða með áherslu á vatnsafl og jarðhitasvæði.

Sólborg Una Pálsdóttir sat í vinnuhópi um Evrópska Landlagssáttmálann ásamt fulltrúum frá Skipulagsstofnun og Umhverfisstofnun.

Námskeið, ráðstefnur, nám:

Starfsmenn Fornleifaverndar sátu alþjóðlega ráðstefnu um fjarkannanir og minjavörslu á 21. öld sem haldin var í Reykjavík 25. – 27. mars 2010. Ráðstefnan var haldin í tengslum við aðalfund EAC (European Archaeological Council). Ráðstefnuritið *Remote Sensing for Archaeological Heritage Management* í ritstjórn David C. Cowley kemur út árið 2011.

Agnes Stefánsdóttir sat ráðstefnuna



Menningarlandið Ísland 2010, sem haldin var á vegum menntamálaráðuneytisins á Hótel Loftleiðum 30. apríl 2010.

Agnes Stefánsdóttir, Kristín Huld Sigurðardóttir, Magnús A. Sigurðsson og Sólborg Una Pálsdóttir sátu málþingið Databaser och kunskapssystem sem haldið var í tengslum við þjóðminjavarðarfund Norðurlandanna í Stykkishólmi 27. júní 2010.

Agnes Stefánsdóttir sat ráðstefnuna "Resa, bruka, bevara" (konferens om natur och kulturarv som resurs för hållbar turismutveckling) í Þrándheimi í Noregi 6.-7. september 2010.

Agnes Stefánsdóttir tók þátt í ERANET Observatory Workshop í London, 22. september 2010.

Kristinn Magnússon fór á Farskóla safnamanna í Stykkishólmi 30. sept. 2010.

Magnús A. Sigurðsson stundar MPA-nám í opinberri stjórnarsýslu.

Sigurður Bergsteinsson sat málþingið; Hofstaðir í fortíð og framtíð, sem haldið var á Narfastöðum í Þingeyjarsveit þann 14. apríl.

Sigurður Bergsteinsson sat ráðstefnuna; Veðurfar, náttúra og menning í Narsarsuaq dagana 11. til 14. ágúst.

Sólborg Una Pálsdóttir sótti námskeiðið *SQL fyrirspurnarmálið* hjá Endurmenntun Háskóla Íslands.

Uggi Ævarsson sat ráðstefnu um evrópska menningarminjadaginn í Istanbul í Tyrklandi um mánaðamótin sept./okt 2010.

Þór Hjaltalín sat málþing og félagsfund Samtaka um sögutengda ferðaþjónustu, Hala í Suðursveit, 15. – 17. janúar 2010.

Þór Hjaltalín sat ráðstefnuna *Söguslóðir 2010. Sögumaður og/eða sýndarveruleiki* sem haldin var á vegum Samtak um sögutengda ferðaþjónustu, Þjóðmenningarhúsinu, Reykjavík, 29. apríl 2010.

Þór Hjaltalín stundar PhD rannsókn við Háskólann í Osló. Titill rannsóknarinnar er “Chiefs and Landscape. The Ideology and Manifestation of Land Dominance in 13th Century Iceland - The case of Ásbingningaríki”.

Upplýsingaskilti

Upplýsingaskilti var sett upp við Bláskeggsárbrú í Hvalfirði.

Verið er að hanna upplýsingaskilti um Stöng í Þjórsárdal og fleiri staði í dalnum í samstarfi við ferðamálafulltrúa uppsveita Árnæssýslu sem sett verða niður með vorinu.

Sigurður Bergsteinsson vinnur að skiltagerð og áningarstað við Biskupavörður á Biskupahálsi, sem er samvinnuverkefni Fornleifaverndar, Landgræðslunnar, Biskupsstofu og Vega-gerðarinnar.



Sigurður Bergsteinsson kom að skiltagerð við gamla Gásakaupstaðinn á Gásum við Eyjafjörð.

Þór Hjaltalín vann að gerð skiltis við Haugsnes/Róðugrund í Skagafirði (Sturlungaslóð).

Þór Hjaltalín vann að gerð skiltis við Nautabú í Vatnsdal (Á slóð Vatnsdælasögu).

Friðlýsingar:

Póstskipið Phönix var friðlýst á árinu en skipið fórst undan Snæfellsnesi árið 1881.

Sumarstarfsmenn:

Vegna átaksverkefnis á vegum Félags- og tryggingarmálaráðuneytis og Vinnu-málastofnunar voru eftirfarandi aðilar ráðnir til að sinna tímabundnum verkefnum:

- Albína Hulda Pálsdóttir til að gera úttekt á friðlýstum hellum á Suðurlandi.
- Davíð Bragi Konráðsson til að skrá í kortavefsjá Fornleifaverndar.
- Margrét S. Kristjánsdóttir til að skrá í kortavefsjá Fornleifaverndar.
- Guðmundur Björn Þorbjörnsson til að skrá upplýsingar um kirkjugripi í gagnagrunninn Sarp.
- Unnur Magnúsdóttir til að skrá upplýsingar í gagnagrunn um fornleifauppgrefti á Íslandi.
- Jóhanna Guðrún Magnúsdóttir til að vinna sem staðarvörður á Þingeyrum.

Karl Emil Karlsson, nemi í tölvunarfræði, vann að nýsköpunarverkefni sem tengdist þátttöku Fornleifaverndar í Evrópu-verkefninu CARARE.

Umsagnir um lagafrumvörp og stjórnslukæru

Fornleifavernd ríkisins veitti umsögn vegna frumvarps um landupplýsingar.

Fornleifavernd ríkisins veitt umsögn vegna frumvarps um breytingar á lögum um

brunavarnir.

Fornleifavernd ríkisins veitt umsögn vegna frumvarps um til laga um mannvirki.

Fornleifavernd ríkisins veitt umsögn vegna frumvarps um skipulagslög.

Fornleifavernd ríkisins veitti umsögn vegna frumvarps til laga um breytingar á lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Fornleifavernd ríkisins veitti umsögn um stjórnslukæru vegna ákvörðunar Skipulagsstofnunar um matsskyldu byggingar sjóvarnargarða á Siglunesi og tilheyrandi grjótnám.

Umsagnir um útflutning menningarminja:

Útflutningur á gjallmolum úr fornleifarannsókn í Vatnsfirði við Ísafjarðardjúp.

Útflutningur 63 gripa úr fornleifarannsóknnum frá Sveigakoti og Hríshéim.

Útflutningur beinasýna og tanna úr fornleifarannsóknnum að Hrísbú.

Útflutningur sýna úr mannabeinum frá Silastöðum.

Útflutningur 89 sýna úr mannabeinum úr fornleifarannsóknnum Fornleifastofnunar Íslands.

Útflutningur kopargripa úr fornleifarannsókn að Stóru Seylu.

Útflutningur sýna úr fornleifauppgreftri að Gilsbakka.

Útflutningur leðurgripa úr fornleifarannsóknnum að Skálholti, Gásam, Leirvogstungu, Möðruvöllum og Útskálum.

Útflutningur viðarkolasýna úr fornleifauppgreftri í Ögri við Ísafjarðardjúp.

Framlenging á leyfi til útflutnings menningarverðmæta úr fornleifarannsókn að Hornbrekku.



Vík í Skagafirði

Starfsstöðvar og starfsfólk



Forstöðumaður

Kristín Huld Sigurðardóttir
Suðurgata 39, Reykjavík
Sími: 5556630, fax: 5556631
Netfang: kristinhuld@fornleifavernd.is

Deildarstjóri umhverfismats

Kristinn Magnússon
Suðurgata 39, Reykjavík
Sími: 5556634, fax: 5556631
Netfang: kristinn@fornleifavernd.is

Deildarstjóri skipulagsmála

Agnes Stefánsdóttir
Suðurgata 39, Reykjavík
Sími: 5556633, fax: 5556631
Netfang: agnes@fornleifavernd.is

Verkefnisstjóri minningarmarkaskráningar

Gunnar Bollason
Suðurgata 39, Reykjavík
Sími: 5556632, fax: 5556631
Netfang: gunnar@fornleifavernd.is

Minjavörður Vestfjarða

Ragnar Edvardsson
Aðalstræti 21, 415 Bolungarvík
Sími: 8937636
Netfang: ragnar@fornleifavernd.is

Minjavörður Vesturlands

Magnús A. Sigurðsson
Hafnargötu 3, 340 Stykkishólmi
Sími: 4381880/8659942, fax: 4381705
Netfang: magnus@fornleifavernd.is

Minjavörður Norðurlands vestra

Þór Hjaltalín
Aðalgötu 2, 550 Sauðárkróki
Sími: 453 6203/845 8510, fax: 453 7998
Netfang: thor@fornleifavernd.is

Deildarstjóri skráningarmála

Sólborg Una Pálsdóttir
Aðalgötu 2, 550 Sauðárkróki
Sími: 453 6203/862 4353, fax: 453 7998
Netfang: solborg@fornleifavernd.is

Minjavörður Norðurlands eystra

Sigurður Bergsteinsson
Þórunnarstræti 99, 600 Akureyri
Sími: 462 1089/865 9942
Netfang: sigurdur@fornleifavernd.is

Verkefnastjóri Phenomena and Monuments of Viking Culture

Sólveig Hulsdunk Georgsdóttir
Þórunnarstræti 99, 600 Akureyri
Sími: 462 1089/863 8040

Minjavörður Austurlands

Inga Sóley Kristjónudóttir
Tjarnarbraut 39a, 700 Egilsstaðir
Sími: 471 1451/864 1451, fax: 471 1452
Netfang: ingasoley@fornleifavernd.is

Minjavörður Suðurlands

Uggi Ævarsson
Skógum, 861 Skógum
Sími: 821 4338/8988852



Alþjóðleg ráðstefna um fjarkannanir og minjavörslu
